



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Til hagsmunaaðila.

Reykjavík 10. september 2014
Tilv.: MMR14050209/6.12.2-

Efni: Kynning á breytingum á námsmati í grunnskóla

Ný aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti frá 2011 og greinasvið frá 2013 gera ráð fyrir breyttu einkunnakerfi við lok grunnskóla. Helstu breytingar eru þær að hverri einkunn fylgir lýsing á þeirri hæfni sem einkennir einkunnina og kallast lýsingin matsviðmið. Einkunnakerfið felur í sér þrepaskiptan kvarða, líkt og PISA, en einkunnir eru gefnar í bókstöfum. Í námskránni eru birt matsviðmið við lok grunnskóla fyrir tíu greinasvið auk lykilhæfni. Greinasviðin eru: íslenska, erlend tungumál, þ.e. enska og danska, listgreinar, verkgreinar, náttúrugreinar, skólaíþróttir, samfélagsgreinar, stærðfræði og upplýsinga- og tæknimennt. Á vegum ráðuneytisins er verið að þróa rafrænt prófskírteini við lok grunnskóla sem ætlað er að tryggja samræmingu og gæði einkunnaskila. Nýtt einkunnakerfi við lok grunnskóla tekur gildi frá og með vori 2016.

Frá því að aðalnámskrá grunnskóla með greinasviðum kom út árið 2013 hefur ráðuneytinu borist athugasemdir um námsmat, s.s. matskvarðann, innleiðinguna á honum, framkvæmd mats og mat á lykilhæfni. Í kjölfarið hefur ráðuneytið endurskoðað þá þætti námskrárinnar er varða útfærslu námsmats við lok grunnskóla.

Lykilhæfni:

Gert er ráð fyrir að skólar vinni samkvæmt aðalnámskrá með lykilhæfni nemenda en hætt verði við að skrá einkunn í lykilhæfni á lokaprófskírteini við lok grunnskóla. Þessi ákvörðun er í samræmi við úrskurð Persónuverndar í máli nr. 616/2014 um að ekki sé heimilt að birta umsögn um almenna þekkingu, leikni og hæfni á prófskírteini framhaldsskólaprófs í framhaldsskóla.

Breytingar á námsmatskvarða við lok grunnskóla:

Miðað er við að bæta tveimur einkunnum í einkunnakvarðann þannig að hann verði sex þrepa: A, B+, B, C+, C og D. Ekki er miðað við að semja sérstakar lýsingar fyrir C+ og B+. Einkunnin C+ á við þegar þegar nemandi hefur náð að fullu þeirri hæfni sem einkennir bókstafinn C en ekki að fullu þeirri hæfni sem einkennir bókstafinn B. Svipað fyrirkomulag á við um einkunnina B+. Einkunnin D og stjörnumerktar einkunnir fela í sér einstaklingsmiðaða umsögn.

Til að auka möguleika á tölfraeðivinnu verður Námsmatsstofnun falið að tengja stig við hverja einkunn. Sem dæmi um stigagjöf gæti A gefið 4 stig, einkunnin B+ gefið 3,5 stig, einkunnin B gefið 3 stig og svo framvegis. Stigagjöfin gefur möguleika á að skoða meðaltalsstigafjölda eftir greinasviðum, skólum, landshlutum o.fl. Með þessari aðferð getur hver einstakur nemandi fengið að hámarki 40 stig við lok grunnskóla. Framhaldsskóli sem setur ströng skilyrði við inntöku á námsbraut gæti vísað í lágmarksstigafjölda. Mennta- og menningarmálaráðuneyti vinnur að því að auðvelda grunnskólum að taka upp vefumsjónarkerfi sem er námskrár- og námsmatsumhverfi sem nýtist við skipulag skólustarfs, til að vinna með hæfniviðmið og matsviðmið með hliðsjón af áherslum

aðalnámskrár. Kerfið heldur einnig utan um tölfræði tengda einkunnum við lok grunnskóla.

Mikilvægt er að á framhaldsskólastigi ekki síður en grunnskólastigi ríki skilningur á nýju námsmatskerfi og tengingu þess við áherslu námskrár á hæfni nemenda. Gert er ráð fyrir að framhaldsskólar geti bæði nýtt skilyrði um bókstafseinkunn í ákveðnum námsgreinum og lágmarksstigafjölda sem inntökuskilyrði á námsbrautir.

Ofangreindar breytingar kalla ekki á miklar lagfæringar í núgildandi aðalnámskrá. Ráðuneytið hyggst vinna að sameiginlegum skilningi beggja skólastiga með kynningum, útgáfu ítarefnis, gerð rafræns prófskírteinis og tölvuumhverfis fyrir grunnskóla.

Bréf þetta er sent hagsmunaaðilum til kynningar og er gefinn kostur á að koma með athugasemdir til 30. september 2014.

Fyrir hönd ráðherra


Hellen Gunnarsdóttir


Björg Pétursdóttir